

8. gr.

Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

9. gr.

Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkvæmt XVI. kafla laga nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði.

Samþykkt þessi staðfestist samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1970, um lax- og silungsveiði, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 13. nóvember 1972.

Halldór E. Sigurðsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

14. nóvember 1972.

Nr. 298.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á frystri rækju fyrir framleiðslutímabilið frá 1. nóvember til 31. desember 1972.

Með skirskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs hefur ráðuneytið staðfest grundvallarverð á frystri rækju fyrir framleiðslutímabilið frá 1. nóvember til 31. desember 1972:

Vélskelflett rækja:		Cif.
1. 10 × 4 × 1 lb., blokkfryst	£ 0.59	pr. lb.
2. 24 × 1 lb., blokkfryst	- 0.60	— —
3. 2 × 5 kg, sérfryst	- 0.60	— —
4. 4 × 2 kg og 5 × 2 kg, sérfryst	- 0.60	— —
5. 24 × 450 gr, sérfryst	- 0.60	— —
6. 1 × 25 lbs., sérfryst	- 0.60	— —

Handskelflett rækja:

Í saltlegi	- 0.63	— —
------------------	--------	-----

Verðbil verði 5%.

Greiðslur í sjóðinn eða úr honum miðast við 50% verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða frádragnu verðbili.

Sjávarútvegsráðuneytið, 14. nóvember 1972.

F. h. r.

Þórður Ásgeirsson.

Gylfi Þórðarson.